


Varðar: Nökkvavogur 42, svalir o.fl. - BN061876

Skoðað var erindi sem vísað var frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 24. janúar 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta glugga í hurð og gera svalir á suðausturhlið íbúðar 0101 með stiga niður í garð tvíbýlishúss á lóð nr. 42 við Nökkvavog.



Skipulagsleg staða:

Lóðin er á íbúðasvæði samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 í gildi er deiliskipulag „Vogahverfi“, samþykkt 01.09.2010. Þar eru m.a. gefnir byggingarreitir fyrir bilgeymslur og viðbyggingar/stækkanir á húsum þ.e.a.s. tækifæri til að þróa byggingar innan byggingareita. Allar breytingar skulu vera innan byggingareita.

Umsóknin: Sótt er um að gera svalir á suðaustur hlið frá 1. hæð, 1,6 m á dýpt og 2,0 m frá yfirborði garðs og stiga frá þeim niður í garð.



Umsögn/niðurstaða: Umsóknin er ekki í samræmi við deiliskipulag þar sem framkvæmt er utan byggingareits og allar framkvæmdir skulu vera innan hans.

Ágætlega þykir fara á því að gera svalir/pall og aðgengi út í garð, enda liggja samþykki allra eigenda fyrir því.

Mælt er með því að heimila lóðarhafa að láta vinna breytingu á deiliskipulagi til samræmis við fyrirspurnina á eigin kostnað og í samvinnu við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa.

f.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík.
Lilja Grétarsdóttir arkitekt og verkefnisstjóri

„Vakin er athygli á Gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1111/2014 vegna kostnaðar við skipulagsvinnu o.fl.“